

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 112 97. ár

Föstudaginn 24. september 2004

Stefna

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands, Hjördís Hákonardóttir

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gunnar Jóhann Birgisson hrl. að hann þurfi f.h. Heklu hf., kt. 600169-5139, Laugavegi 170-174, 105 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi, útgefnu 30. desember 2003.

Fyrirsvar: Gunnar Jóhann Birgisson hrl., LEGALIS lögmannsstofunni, Lágmúla 7, 5. hæð, 108 Reykjavík.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, sem gefið var út í Reykjavík þann 30. desember 2003, af Þóri Hans Svavarssyni, kt. 090766-5709, Tryggvagötu 14, Selfossi, til Heklu hf., kt. 600169-5139, Laugavegi 170-174, Reykjavík, að fjárhæð kr. 598.148, með veði í bifreiðinni Jeep Grand Cherokee, árg. 1993, skr. nr. PO-531.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður veðskuldabréfið útgefið í Reykjavík hinn 30. desember 2003 af ofangreindum Þóri Hans Svavarssyni til stefnanda. Veðskuldabréfið sé að fjárhæð kr. 598.148 og hafi verið tryggt með 1. veðrétti og uppfærslurétti í bifreiðinni Jeep Grand Cherokee, árg. 1993, skr. nr. PO-531. Samkvæmt efni veðskuldabréfsins átti að greiða skuldina samkvæmt bréfinu með 48 afborgunum, einni afborgun í byrjun hvers mánaðar, samtals 12 afborgunum árlega, í samtals 4 ár. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls veðskuldabréfsins, eins og hann væri á hverjum tíma, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar tókust Þórunn Sveinsdóttir, kt. 020167-2979, Tryggvagötu 14, Reykjavík, og Kristján Sveinsson, kt. 280763-5519, Hrannargötu 9a, Reykjavík, á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum. Veðskuldabréfinu var þinglýst þann 15. janúar 2004 hjá sýslumanninum á Selfossi.

Að sögn stefnanda hefur greiðslufall orðið af hálfu skuldara samkvæmt veðskuldabréfinu. Þegar ráðgert var að hefja innheimtuaðgerðir á hendur aðalskuldara og ábyrgðarmönnum hafi hins vegar komið í ljós að frumrit veðskuldabréfsins fannst ekki í skjalageymslu stefnanda þrátt fyrir mikla leit. Af þeim sökum sé nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt svo að innheimtuaðgerðir á hendur jafnt aðalskuldara sem ábyrgðarmönnum þess geti hafist.

Lagarök: Um lagarök vísast til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn og áskilnaður: Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:

- Frumrit réttarstefnu.
- Skrá yfir framlögð gögn.
- Ljósrit veðskuldabréfs.
- Tölublað þess Lögbirtingablaðs sem réttarstefnan birtist í.
- Veðbandayfirlit yfir bifreiðina PO-531.

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir október 2004:
Vísitala neysluverðs: 235,6 stig.
Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskaravísitölu: 4.652 stig.

Reykjavík, 10. september 2004.
Hagstofa Íslands.

11190)

Auglýsing

um skipulagsmál í Mosfellsbæ

Endurauglýsing á tillögu að deiliskipulagi Blikastaðaness.

Á fundi bæjarstjórnar þann 15. september 2004 var samþykkt kynning á breyttri tillögu að deiliskipulagi Blikastaðaness í Mosfellsbæ í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að á uppbyggingartíma golfvallarins verður heimiluð efnisvinnsla allt að 150.000 m³ á takmörkuðu svæði að mestu undir framtíðar golfbrautir í þeim tilgangi að minnka efnisflutninga að nýbyggingarsvæðum á Blikastaðalandi. Efnisvinnslunni skal lokið í síðasta lagi á árinu 2008.

Tillögurnar ásamt greinagerð verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, fyrstu hæð, frá 24. september til 22. október nk. Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar fyrir 6. nóvember nk. Einnig er hægt að kynna sér skipulagið á mos.is undir framkvæmdir og deiliskipulag.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frest, teljast samþykkir tillögunum.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

11233)

Auglýsing

um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2002-2022

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2002-2022 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 15, Vík og á Skipulagsstofnun frá og með föstudeginum 24. september nk. til föstudagsins 22. október 2004.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 5. nóvember 2004.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Vík, 16. september 2004.
Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

11235)

Auglýsing

frá Póst- og fjarskiptastofnun um jöfnunargjald vegna alþjónustu

Með tilvísun til VI. kafla laga um fjarskipti, nr. 81/2003, og 9. og 10. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 641/2000, sbr. reglugerð nr. 813/2000, tilkynnist hér með að umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu á árinu 2005 vegna rekstrarársins 2004 skulu berast Póst- og fjarskiptastofnun, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, eigi síðar en 30. október 2004.

Póst- og fjarskiptastofnun,
17. september 2004.

11260)

Nauðungarsölur

Búðardalur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Miðbraut 11, Búðardal, fimmtudaginn 25. nóvember 2004, kl. 14.00 hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli:	Gerðarbeiðandi:	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aflsstaðir, jarðarnr. 137523, Dalabyggð ¹¹¹⁷⁴⁾	Árni Sigurðsson	Sýslumaðurinn í Búðardal	319.299
Búðardal, 13. september 2004. Sýslumaðurinn í Búðardal, Anna Birna Þráinsdóttir.			

Vík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Ránarbraut 1, Vík, miðvikudaginn 27. október 2004 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Hvammur, 163377, Skaftárhreppi ¹¹²³⁶⁾	Oddsteinn Kristjánsson og Páll Símon Oddsteinsson	Lánasjóður landbúnaðarins	3.091.789
Iðjuvellir 3, Kirkjubæjarklaustri ¹¹²³⁷⁾	Hildir ehf.	Lífeyrissjóður verslunarmann	230.021
Ytri-Dalbær, 163464, Skaftárhreppi ¹¹²³⁸⁾	Björgvin Karl Harðarson	Lánasjóður landbúnaðarins	1.088.349
Vík, 15. september 2004. Sýslumaðurinn í Vík, Sigurður Gunnarsson.			

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómsal í húsnaði héraðsdóms að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 3. nóvember nk. kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 3. september 2004.
Hjördís Hákonardóttir.

⁽¹¹¹⁴⁷

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum hinn 7. september 2004, var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur er tilgreindur við nafn búsins hér að neðan.

Nafn bús: V & Þ hf., (áður Vélar og Þjónusta hf.) kt. 591275-0389, Járnhálsi 2, Reykjavík	Frestdagur: 6. sept. 2004	Skiptafundur: föstudaginn 17. desember 2004 kl. 10.00
--	-------------------------------------	---

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum

fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra á póstfangið Landslög - lögfræðistofa, b.t. Viðars Lúðvíkssonar hrl., skiptastjóra, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun eigna þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tryggvagötu 11 í Reykjavík á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu kann skiptum að verða lokið á skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra eigi síðar en viku fyrir boðaðan skiptafund.

Reykjavík, 8. september 2004.
Viðar Lúðvíksson hdl.

⁽¹¹¹³⁶

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. september 2004, voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Jóhann Antoníusson, kt. 061132-2019, Kirkjusandi 5, Reykjavík	Frestdagur: 26. maí 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 8. desember 2004 kl. 9.30
⁽¹¹¹⁵⁰		
Sigfinnur Þór Lúðvíksson, kt. 271266-3839, Miðhúsum 40, Reykjavík	13. maí 2004	miðvikudaginn 8. desember 2004 kl. 10.30
⁽¹¹¹⁵¹		

Gunnar Ingvarsson, kt. 110447-7019, Kaplaskjólsvegi 93, Reykjavík	8. júní 2004	miðvikudaginn 8. desember 2004 kl. 11.30
⁽¹¹¹⁵²		

Magnús Hörður Jónsson, kt. 101142-4859, Lindargötu 62, Reykjavík	11. júní 2004	miðvikudaginn 8. desember 2004 kl. 13.00
⁽¹¹¹⁵³		

Í.M.V. ehf., Íslenskir meðalverktakar, kt. 630399-3009, Skeiðarvogi 115, Reykjavík	28. apríl 2004	miðvikudaginn 8. desember 2004 kl. 14.00
⁽¹¹¹⁵⁴		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, pósthólf 168, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, Reykjavík, miðvikudaginn 8. desember 2004 á ofangreindum tímum.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. september 2004.
Ingimar Ingimarsson hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 10. september 2004, voru bú neðangreindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Kosa ehf., kt. 590995-2239, Mjöllnisholti 12, Reykjavík	Frestdagur: 15. júní 2004	Skiptafundur: 6. desember 2004 kl. 9.00
⁽¹¹¹⁷⁵		

Plastís ehf., kt. 670801-2680, Lynghálsi 11, Reykjavík	14. júní 2004	6. desember 2004 kl. 9.30
⁽¹¹¹⁷⁶		

BR-bílar ehf., kt. 530996-2209, Bjarnarstíg 3, Reykjavík	14. júní 2004	6. desember 2004 kl. 10.00
⁽¹¹¹⁷⁷		

Smiðsauga ehf., kt. 601299-6829, Sundlaugavegi 16, Reykjavík	15. júní 2004	6. desember 2004 kl. 10.30
⁽¹¹¹⁷⁸		

EVT-teiknistofa ehf., kt. 520399-2409, Ármúla 1, Reykjavík	15. júní 2004	6. desember 2004 kl. 11.00
⁽¹¹¹⁷⁹		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tímum.

Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúin munu liggja frammi þar, síðustu viku fyrir skiptafund-ina.

Reykjavík, 13. september 2004.
Guðni Á. Haraldsson hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum 1. september 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús: Höfðaberg ehf., kt. 540886-1219, Eyrarbraut 29, Stokkseyri	Frestdagur: 1. mars 2004	Skiptafundur: 9. desember 2004 kl. 10.00
--	------------------------------------	---

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan­greindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta­stjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrota­búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 9. september 2004.
Sigurður Sigurjónsson hrl.

(11180 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness, þann 9. september 2004, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: GM Smíðja ehf., kt. 581102-3720, Hvaleyrarbraut 27, Hafnarfirði	Frestdagur: 9. júlí 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. desember 2004 kl. 9.00
---	------------------------------------	---

(11192 a

Höfuðmál ehf., kt. 480499-2129, Munkaþverárstræti 9, Akureyri	9. júlí 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 9.30
---	--------------	---

(11193 a

Margrét Kristjánsdóttir, kt. 030557-7199, Hlíðarhjalla 69, Kópavogi	8. júlí 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.00
---	--------------	--

(11194 a

Ómar Óskarsson, kt. 180263-2849, Hraunstíg 7, Hafnarfirði	8. júlí 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.30
---	--------------	--

(11195 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar Indriða Þorkels­syni hdl., Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skipta­stjóra á ofangreindum tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrota­búum munu liggja frammi á skrifstofu skipta­stjóra, síðustu vikuna fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 10. september 2004.
Indriði Þorkelsson hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. september 2004, voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Áki Jóhannsson, kt. 101058-5659, Hofteigi 8, 105 Reykjavík	Frestdagur: 11. júní 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. desember 2004 kl. 9.30
--	-------------------------------------	---

(11203 a

Gunnar Örn Hreiðarsson, kt. 160869-4029, Bústaðavegi 67, 104 Reykjavík	22. júní 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.00
--	---------------	--

(11204 a

Ísbúðin ehf., kt. 660169-0249, Hjarðarhaga 47, 101 Reykjavík	22. júní 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.30
--	---------------	--

(11205 a

K. J. eignir ehf., kt. 510400-2080, Laugavegi 66, 101 Reykjavík	22. júní 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 11.00
---	---------------	--

(11206 a

María Hrönn Sveinbjörnsdóttir, kt. 130660-5689 Laufengi 60, 112 Reykjavík	24. júní 2004	föstudaginn 3. desember 2004 kl. 11.30
--	---------------	--

(11207 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Flókagötu 8, pósthólf 5413, 125 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Hamra­borg 10, Kópavogi, á ofangreindum tímum.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta­fundina.

Kópavogi, 15. september 2004.
Ragna Gestsdóttir hdl.

Á ályktunarbærum hluthafafundum hinn 2. september sl. í neðangreindu hlutafélagi var ákveðið að slíta félaginu, sbr. XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Voru Helgi Jóhannesson, kt. 041063-5219, Skúli Valberg Ólafsson, kt. 01766-4519 og Þorsteinn Guðbrandsson, kt. 140962-3689 kjörnir í skilanefnd félagsins.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur félaginu eða eignir í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þess­arar. Kröfulýsingar skulu sendar til Helga Jóhannessonar hrl., Lex ehf., lögmannsstofu, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík. Fundur með kröfuhöfum og hluthöfum félagsins til að fjalla um fram komnar kröfur verður haldinn á neðan­greindum tíma á skrifstofu Lex ehf., lögmanns­stofu.

Nafn hlutafélags: lða hf., eignarhaldsfélag, kt. 580293-2399	Kröfuhafafundur: 15. desember 2004 kl. 9.00
---	--

Reykjavík, 14. september 2004.
F.h. skilanefndar,
Helgi Jóhannesson.

(11226 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp­kveðnum 13. september 2004 var neðangreind­um skuldara veitt heimild til að leita nauðasam­ninga. Sama dag skipaði héraðsdómur undirritað­an umsjónarmann með nauðasamningsumleit­unum.

Nafn skuldara: Alfred Georg Matthíasson, kt. 100157-3739, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, sem var eigandi: A.G. Matthíasson, skrifstofuvélar kt. 701091-1169	Fundur: mánudaginn 1. nóvember 2004 kl. 14.00
---	---

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur skuldaranum eða einka­firma hans, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar á nafn umsjónar­manns á póstfangið Juris – lögfræðiskrifstofa, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottn­um, sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans á skrifstofu undirritaðs að Suður­landsbraut 6, Reykjavík, á ofangreindum tíma til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 15. september 2004.
Andri Árnason hrl.

(11232 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands upp­kveðnum þann 10. september 2004 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við skiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Birgir Árnason, kt. 230756-4309, Sandbakka 7, Höfn, Hornafirði	Frestdagur: 3. ágúst 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.30
---	-------------------------------------	--

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Lyngási 5-7, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skipta­stjóra að Lyngási 5-7 á Egilsstöðum á framan­greindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á skiptafundi þann 3. desember nk. með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Egilsstöðum, 15. september 2004.
Bjarni G. Björgvinsson hdl.

(11239 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp­kveðnum 6. september 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús: Súðir ehf., kt. 581199-2959, Sindragötu 11, 400 Ísafirði	Frestdagur: 24. júní 2004	Skiptafundur: föstudaginn 3. desember 2004 kl. 10.00
--	-------------------------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 1, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og eftir atvikum um ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 3. hæð, Ísafirði, á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Ísafirði, 8. september 2004.
Björn Jóhannesson hdl.

(11137 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 6. september 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir­ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Kjötvinnslan ehf., kt. 451202-2860, Lóni, Hörgárbyggð, 601 Akureyri	9. júlí 2004	Þriðjudaginn 7. desember 2004 kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ráðhústorgi 3, pósthólf 271, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 10. september 2004.
Sigmundur Guðmundsson hdl.

(11171 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 6. september 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Erik Jensen, kt. 110961-6509, Lóni, Hörgárbyggð, 601 Akureyri	21. júlí 2004	Þriðjudaginn 7. desember 2004 kl. 9.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta-stjóra að Ráðhústorgi 3, pósthólf 271, 602 Akur-eyri.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 10. september 2004.
Ingvar Þóroddsson hdl.

(11172 b

Skiptafundir

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Mörkinni 3, 2. hæð, Reykjavík, á neðangreind-um tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem mun liggja frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánar-drottna og aðra þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn.

Komi ekki fram andmæli gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Þórslox hf., kt. 481184-1939	föstudaginn 22. október 2004 kl. 15.00

Reykjavík, 10. september 2004.
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.

(11164

Skiptafundir

Skiptafundur í neðangreindum þrotabúum verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Ráð-hústorgi 3, Akureyri á neðangreindum tímum, samanber 159.-160. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Á fundunum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúunum, sem liggja mun frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hags-muna að gæta, síðustu tvær vikurnar fyrir fund-ina. Verði andmælum ekki hreyft gegn frum-varpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundum, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarp-anna, sem verða þar með úthlutunargerð úr þrotabúunum.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Höfði ehf., kt. 460597-2509, Norðurbraut, Hofsósi Sveitarfélaginu Skagafirði	Þriðjudaginn 19. október 2004 kl. 9.00

(11196

Hjálmur ehf., kt. 641168-0179, Hafnarbakka, Flateyri Ísafjarðarbæ	miðvikudaginn 20. október 2004 kl. 9.00
---	---

(11197

Akureyri, 14. september 2004.
Ingvar Þóroddsson hdl.

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50d, 3. hæð, Reykjavík, á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hags-muna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grund-velli frumvarpsins, sem verður þar með úthlut-unargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Örnólfur Thorlacius, kt. 090931-7419, Hringbraut 50, (áður Bjarmalandi 7), Reykjavík	mánudaginn 11. október 2004 kl. 15.00

Reykjavík, 16. september 2004.
Björgvin Jónsson hrl.

(11215

Skiptafundur í neðangreindum þrotabúum verða haldnir á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Skipholti 50d, 3. hæð, Reykjavík á neðangreindum tímum.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búunum í síðasta lagi á skiptafundunum, verður skiptum lokið á þeim með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Þrotabú Eignarhaldsfélagsins Háteigs ehf., kt. 410999-2939, Borgartúni 29, Reykjavík	Þriðjudaginn 5. október 2004 kl. 14.00

(11216

Þrotabú Vasa ehf., kt. 620399-2649, Sólvallagötu 39, Reykjavík	Þriðjudaginn 5. október 2004 kl. 15.00
--	--

(11217

Þrotabú I.R.S. ehf., kt. 600198-2039, Vættaborgum 6, Reykjavík	Þriðjudaginn 5. október 2004 kl. 16.00
--	--

(11218

Reykjavík, 16. september 2004.
Björgvin Jónsson hrl.

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í

búinu að Klapparstíg 25-27, Reykjavík, á neðan-greindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar og fyrirhuguð skiptalok. Frumvarpið liggur frammi á fundarstað til sýnis þeim sem hafa lögmatra hagsmuna að gæta. Komi ekki fram andmæli gegn frumvarpinu eða fyrirhug-uðum skiptalokum, eða ábendingar um frekari eignir eða réttindi sem búið kann að eiga tilkall til, í síðasta lagi á boðuðum fundi, má vænta þess að skiptum verði lokið á fundinum á grundvelli frumvarpsins sem þar með verður að úthlut-unargerð.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Vélsmiðja Seyðisfjarðar ehf., kt. 581271-0189 Seyðisfirði	föstudaginn 1. október 2004 kl. 16.30

Reykjavík, 17. september 2004.
Baldvin Hafsteinsson hrl.

(11252

Skiptalok

Með úrskurðum héraðsdóms voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta.

Engar eignir fundust í fyrrnefnda búinu, en smávægilegar eignir voru í síðarnefnda búinu og runnu þær til veðhafa. Skiptum á báðum búun-um lauk í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Úrskurðard. gjaldþr.sk.:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Landgæði ehf., kt. 611194-2779	héraðsdómur Reykjavíkur 15. sept. 2003	4.851.118

(11155

Brák ehf., kt. 700101-2660	héraðsdómur Vesturlands 7. okt. 2003	21.968.361
----------------------------	--------------------------------------	------------

(11156

Reykjavík, 8. september 2004.
Páll Skúlason hdl., skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Vestfjarða upp-kveðnum 20. janúar 2003 og 26. apríl 2004 voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Skiptum á búunum lauk 6. september 2004 í samræmi við neðangreint yfirlit.

Engar eignir fundust í síðarnefnda þrotabúinu til greiðslu upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar og lauk skiptum skv. 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Fjarvinnsla Suðureyrar ehf., kt. 441200-2180, Aðalgötu 16, Suðureyri	veðkröfur 2.079.767 búskröfur 352.335 (greiddust að fullu) forgangskröfur 1.016.339 (kr. 117.997 eða 11,61% greiddust) alm. kröfur 169.784 (ekkert greiddist) vextir og kostnaður (ekkert greiddist)

(11157

Haukur Már Kristinsson, kt. 070341-3289, Dalbraut 9, Bíldudal	alm. kröfur 9.532.512 (ekkert greiddist)
---	--

(11158

Ísafirði, 6. september 2004.
Tryggvi Guðmundsson hdl., skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 6. janúar 2003 var neðangreint bú tekið til gjald-þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Skiptum lauk 2. september 2004 með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús: **Fjárhæð lýstra krafna kr.:**
Gólfflot ehf., 29.444.991*
kt. 661192-2679,
Vatnsholti 14, Keflavík

* Samkvæmt úthlutunargerð greiddust kr. 4.037.116 upp í almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 eða 18.1 hundraðshlutar og forgangakröfur skv. 112. gr. greiddust að fullu.

Hafnarfirði, 2. september 2004.
Ólafur Rafnsson hdl.,
skiptastjóri.

(11181

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. maí 2004 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta og var undirritaður sama dag skipaður skiptastjóri í þeim.

Engar eignir fundust í búunum og var skipt-um í þeim öllum lokið 3. september 2004 sam-kvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Fjárhæð lýstra krafna kr.:**
Blómalagerinn – 2.604.123 (forgangskröfur)
beint frá bónda ehf., 28.422.279 (almennar kröfur)
kt. 491101-2370

(11182

Jón Grétar Sigurðsson, 790.917
kt. 050159-3029

(11183

Helsi ehf., 52.162.288
kt. 710899-2079

(11184

Hafnarfirði, 3. september 2004.
Guðmundur Kristjánsson hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. maí 2004 voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í búunum.

Engar eignir fundust í búunum og lauk skipt-um í dag samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Fjárhæð lýstra krafna:**
VJS-tækni ehf., kr. 5.602.610
kt. 450196-3129,
Hæðargarði 56, Reykjavík

(11185

Okey ehf., kr. 8.761.391
kt. 500701-2850,
Bankastræti 11, Reykjavík

(11186

Hafnarfirði, 9. september 2004.
Guðmundur Örn Guðmundsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 25. október 2002 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Óverulegar eignir komu fram við skiptin og gengu þær upp í skiptakostnað. Var skiptum því lokið 12. apríl 2004, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist að öðru leyti upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Fjárhæð lýstra krafna kr.:**
Miðvangur ehf., 157.908.449
kt. 491190-1329

Reykjavík, 28. ágúst 2004.
Benedikt Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

(11199

Kaupmálar

Reykjavík

